

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	kr. 14.000
Frístundahús	kr. 5.000

Gjald fyrir sorphirðu frá frístundahúsum miðast við sorphirðu á tímabilinu júní – ágúst.

3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 30% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir.

4. gr.

Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta gjald af fyrirtækjum fyrir sorpeyðingu og miðast gjaldið við magn og gjaldtöku Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Svalbarðsstrandarhreppi nr. 1084/2005.

Svalbarðsstrandarhreppi, 21. desember 2006.

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2007